

Fundargerð 132. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 12. júní 2018, kl. 10.00 í fjármála- og efnahagsráðuneytinu við Arnarhvol, Reykjavík.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð,

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Ársreikningur.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn stöðu ársreiknings og ársskýrslu. Umræður.

3. *Umsókn Algalíf Iceland ehf. um lóðir við Bogatröð 12, 14 og 16.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn umsókn Algalíf Iceland ehf. að lóðum við Bogatröð 12, 14 og 16. Stjórn samþykkti að veita Algalíf lóðirnar út frá ákveðnum skilyrðum. Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram.

4. *Umsókn Ásgeirs Gunnarssonar f. h. Járnsmiðjunnar ehf. um lóð að Bogatröð 5.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn umsókn Ásgeirs Gunnarssonar f. h. Járnsmiðjunnar um lóð að Bogatröð 5. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

5. *Umsókn Ásgeirs Gunnarssonar um lóð að Kliftröð 27.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn umsókn Ásgeirs Gunnarssonar um lóð að Kliftröð 27. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram út frá ákveðnum skilyrðum.

6. *Vegstæði við Suðurbraut 890.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu um breytingu vegstæðis við Suðurbraut 890. Færsla vegstæðisins felur í sér tengingu Valhallarbrautar í einn samfelldan stofnveg sem er í samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjanesbæjar. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og afla kostnarmats.

7. *Önnur mál.*

Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn þann 25. júní 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.20.

Geir Brynjólfsson
Stemmuráðgjafar
Kadeco